

37. fundur stjórnar Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins

Haldinn á TEAMS, fimmtudaginn, 26.mars 2026, kl. 08.30

Fundinn sátu:

Eva Josteinsdóttir, Kristinn Jón Ólafsson, Björn Ragnarsson, Guðbjörg Oddný Jónasdóttir, Rannveig Grétarsdóttir, Elísabet Sveinsdóttir, Sævar Birgisson og Inga Hlín Pálsdóttir (frkvstj).

Fundargerð ritaði: Inga Hlín Pálsdóttir

Dagskrá:

1. Fundargerð 36. fundar 26. febrúar 2026

Undirrituð á næsta fundi.

2. Yfirlit yfir stöðu og rekstur

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðuna á verkefnum. Mikill tími farið í fjármál undanfarið. Sagt frá fyrirspurn atvinnuvegaráðuneytisins um yfirlit yfir fjármál í tengslum við markaðssetningu. Farið yfir hugmyndir að fundum í hverju sveitarfélagi í tengslum við sveitastjórnarkosningarnar. Tillögur að dagskrá Ferðamálaþings voru samþykktar. Góð skráning á HITTUMST. Tiptoe Reykjavík fer virkilega vel af stað en það hefur haft veruleg áhrif á bæði vefumferð og þátttöku notanda á stafrænum miðlum stofunnar. Sagt frá samstarfsverkefni og sóknaráætlunarverkefni með SSH sem verið er að setja upp samning um. Ráðinn verður sumarstarfsmaður m.a. til að sinna þeim verkefnum. Rætt var um stefnu Íslandsstofu í tengslum við val á veitingastöðum og mun framkvæmdastjóri eiga spjall við þau um það.

3. Höfuðkraftur - dómnefnd

Ákveðið hefur verið að hafa sérstaka dómnefnd í tengslum við Höfuðkraft. Lagt var til að þrír aðilar sætu í dómnefnd: fulltrúi verðlaunahafa ársins á undan, fulltrúi sveitarfélaga í stjórn Markaðsstofunnar og fulltrúi fyrirtækja í stefnuráði. Samtals þrír aðilar. Tillagan var samþykkt og verður Elísabet Sveinsdóttir fulltrúi sveitarfélaga í stjórn.

4. Cruise Iceland viljayfirlýsing

Markaðsstofur landshlutanna hafa lagt upp með að gera viljayfirlýsingu við Cruise Iceland hagsmunasamtök um móttöku skemmtiferðaskipa um ákveðin verkefni. Ákveðið var að ræða betur á næsta fundi hvernig samstarf við hagsmunasamtök skuli vera háttað og val á verkefnum. Tillagan býður því fram að næsta stjórnarfundi.

5. Önnur mál

Vinnufundur stjórnar verður haldinn 21. maí.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09.45.